



Leikfélag og karlakór:

Jólavaka

JÓLAVAKA Leikfélags Mosfellssveitar og karlakórsins Stefnis verður haldin í Hlégarði á sunnudag kl. 21. Karlakórinn syngur undir stjórn Helga R. Einarssonar, en einsöngvari er Sigmundur Helgason. Leikfélagið flytur einþáttunginn Ferðin til skugganna grænu eftir Finn Methling og er í því verki sagt frá lífshlaupi konu frá vöggju til grafar. Sr. Birgir Ásgeirsson flytur hugveki og Stefnurnar sjá um kaffiveitingar.

götu. Sýning þessi er önnur einkasýning listamannsins og eru á henni landslagmyndir og myndir frá sjávarsiðunni. Sýningin er opin frá kl. 16—22 virka daga og frá kl. 14—22 um helgar, en henni lýkur á sunnudag.

Norræna húsið:

Þræðir úr ljóðum

Snorri Sveinn Friðriksson heldur nú myndlistarsýningu í Norræna húsinu og mun hún standa til sunnudags. Á sýningunni eru 50 myndir unnar á þessu ári út frá ljóðum í nýrri ljóðabók Sigvalda Hjálmarssonar, Viðáttur. Sýningin er 4. einkasýning Snorra Sveins og er hún opin frá kl. 17—23 virka daga og frá kl. 15—23 um helgar.

Listmunahúsið:

Jólasýning

Ellefu listamenn halda nú sýningu á verkum sínum í Listmunahúsinu við Lækjargötu. Á sýningunni eru leirverk, tauprykk og myndverk unnin með ýmissi tækni. Þeir sem eiga verk á sýningunni eru: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ásrún Kristjánsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Eyjólfur Einarsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Herborg Auðunsdóttir, Kolbrún Björgólfsdóttir, Kolbrún Kjarval, Lisbet Sveinsdóttir, Ólaf Einarssdóttir og Sigurður Örylgsson. Sýningin er opin virka daga frá kl. 10—18 og um helgar frá kl. 14—18, en lokað er á mánudögum.

Listasafn Einars Jónssonar:

Safnahús og höggmyndagarður

Safnahús Listasafns Einars Jónssonar er opið daglega, nema á mánudögum, frá kl. 13.30—16 og höggmyndagarðurinn, sem er í 24 eirafsteypur af verkum listamannsins, er opin frá kl. 10—18.

Listasafn ASÍ:

Verk Muggs

Í Listasafni Alþýðusambands Íslands við Grensásveg stendur nú yfir sýning á verkum Muggs, Guðmund-

ar Thorsteinssonar. Sýningin er haldin í tilefni útkomu listaverkabókar um Mugg eftir Björn Th. Björnsson. Á sýningunni eru 66 þeirra listaverka Muggs, sem birt eru í bókinni, olíumálverk, oliukrítarmyndir, vatnslitamyndir, teikningar, útsaumur o.fl. Sýningin stendur til 16. desember og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14—22.

Gallerí Borg:

Sigurður Thoroddsen

Nú stendur yfir í Gallerí Borg við Austurvöll sýning á verkum Sigurðar heitins Thoroddsen, verkfræðings. Sigurður hætti verkfræðistörfum að mestu árið 1974 og helgaði sig myndlist þau níu ár sem hann átti þá ólífuð. Flestar myndanna á sýningunni eru málaðar á árunum 1974—1983. Gallerí Borg er opið frá kl. 10—18 virka daga og frá kl. 14—16 um helgar, en sýningu á verkum Sigurðar lýkur á mánudag.



Kjarvalsstaðir:

Fimm listamenn

FIMM LISTAMENN sýna nú verk sín í eystri sal Kjarvalsstaða. Það er þeir Magnús V. Guðlaugsson, Pétur Stefánsson, Steingrímur Þorvaldsson, Ómar Skúlason og Stefán Axel. Steingrímur og Magnús sýna verk, sem unnin eru á árunum 1983 og 1984. Stefán og Ómar sýna verk unnin á þessu ári og Pétur sýnir teikningar, sem einnig eru unnar á þessu ári. Sýning þeirra stendur til aðfangadags jóla og er hún opin alla daga frá kl. 14—22.

SAMKOMUR

Orator:

Líf í Borgina

Orator, félag laganema, hyggst hleypta nýju lífi í starfsemi Hótel Borgar í vetur og gengst því fyrir dansleikjum þar um helgar frá kl. 22—03. Dansleikir þessir eru öllum opnir, en Orator heidur þá til að afla fjár, svo unnt sé að halda norrænt laganemamót hér á landi í ár.

Árnagarður:

Reyklaus jól


Íslenska bindindisfélagið, með aðstoð Krabbameinsfélags Reykjavíkur, heldur námskeið fyrir þá, sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið verður haldið í Árnagarði, stofu 201, og hefst það á sunnudagskvöld kl. 20.30. Stjórnandi og leiðbeinandi er Jón Hjörleifur Jónsson. Fjórir læknar flytja erindi, þeir Sigurður Björnsson,

Sigurður Arnason og dr. G. Snorri Ingimarsson, sérfræðingar í krabbameinslækningum, og Sigurgeir Kjartansson, æðaskurðlæknir. Einnig flytur Eric Guðmundsson, sjúkraþjálfari, erindi. Innritun og upplýsingar eru í síma 36655.

Hið íslenska bókmenntafélag:

Aðalfundur

Aðalfundur hins íslenska bókmenntafélags verður haldinn í Lögbergi, húsi lagadeildar Háskóla Íslands, á morgun kl. 14. Dagskrá fundarins verður sem hér segir: 1. Venjuleg aðalfundarstórt, sbr. 18.—21. grein félagslaga og 2. Vilhjálmur Arnason, lektor, flytur erindi, sem nefnist Saga og siðferði.



Í fyrirlestrinum verður fjallað um þá viðleitni fræðimanna, sem athuga siðfræði Íslendingasagna, að sýna fram á kristnar fyrirmyndir í boðskap sagnanna eða sanna heiðnina í þeim. Vilhjálmur Arnason færir að því rök, að þessi túlkunaráferð dugi engan veginn til að veita innsýn í viðfangsefnið og heldur því fram, að árangursríkara sé að greina siðferði söguhetjanna í ljósi þeirrar samfélagsgerðar, sem sögurnar lýsa.

Norræna húsið:

Holbergsminni

Á mánudag kl. 20.30 verður 300 ára afmæli Ludvigs Holberg minnst með hátíðardagskrá í Norræna húsinu. Dagskráin hefst með því að Nýja strengjasveitin flytur Holbergsvituna eftir Edvard Grieg. Ivar Eskeland, fyrrum forstöðumaður Norræna hússins, spjallar um Holberg og eftir hlé flytja leikararnir Guðmundur Pálsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Guðrún Stephensen þætti úr leikritum Holbergs, Jeppa á fjalli, Æðakollinum og Johannes von Haksen.

FERDIR

Ferðafélag Íslands:

Úlfarsfell

Ferðafélagið fer í gönguferð á sunnudag kl. 13 og er þá gengið á Úlfarsfell. Brottför er frá Umferðarmíðstöðinni, austanmegin. Ath. auglýsing undir Félagslið í Morgunblaðinu.

Útivist:

Slunkaríki

Ferðafélagið Útivist heldur á morgun kl. 20 skemmtikvöld á Hverfisgötu 105. Á sunnudag verður ganga frá Slunkaríki, sem er í nágrenni Straumsvíkur, að Öttarsstöðum. Á mánudagskvöldið verður Tunglskinsganga og fjörubál. Gengið verður um Gjögur og Hvaleyri.



CSB 650 RLE-sett
13 mm höggborvél, stíglaus hraðastillir, 0—3400 snún./min., snýst afturbak og áfram. 650 wött. Verð kr. 7.500,-.



PST 50 stingsög
Sagardýpt í stál 3 mm, í tré 50 mm. 350 wött. 3000 slög/min. Verð kr. 3.900,-.



PSS 230 slípivél (judari)
150 wött, slípiflötur 92x182, sveifluhraði 10.000 snún./min. Verð kr. 3.215,-.



PSP 70 sett
Málningarsprauta, 30 wött, afköst 70 gr/min., könnustærð 0,34 l. Verð kr. 1.728,-.



PKP 15 límbýssa
Límir öll efni fljótt og vel, t.d. tré, fataefni, málma, gler, leður og fleira. Límnotun 15 gr./min. Verð aðeins kr. 998,-.

Gunnar Ásgeirsson hf.
Suðurlandsbraut 16 Sími 91 35200



Lesið reglulega af öllum fjöldanum!

Morgunblaðið